

## **II. viðauki samnings félags- og vinnumarkaðsráðuneytis við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um fjárframlag á grundvelli fjárlaga til rekstrar miðstöðvarinnar, sem undirritaður var rafrænt 10. ágúst og 24. ágúst 2022.**

### 1. gr.

Þrátt fyrir 7.1 gr. samningsins, sbr. einnig 1. gr. viðauka samningsins, skal samningurinn gilda til og með 31. desember 2026.

### 2. gr.

Fjárframlag ríkisins á grundvelli viðauka þessa er í samræmi við fjárlög fyrir árið 2025 annars vegar og fjárlög fyrir árið 2026 hins vegar. Fjárframlag til Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi er 41.700.000 kr. fyrir árið 2025.

### 3. gr.

Ráðuneytið skal leggja greiðslur skv. 2. gr. viðauka þessa inn á bankareikning í viðskiptabanka Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi, af fjárlagalið ráðuneytisins númer 07-454-110. Fjárframlagið skal greitt í tólf jöfnum hlutum og skal greitt fyrsta virka dag hvers mánaðar í samræmi við 4.1.1 gr. samningsins.

### 4.gr.

Viðauki þessi er undirritaður rafrænt.

### Fylgiskjöl:

1. Samningur félags- og vinnumarkaðsráðuneytis við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um fjárframlag á grundvelli fjárlaga til rekstrar miðstöðvarinnar, sem undirritaður var rafrænt 10. ágúst og 24. ágúst 2022.
2. Viðauki samnings félags- og vinnumarkaðsráðuneytis við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um fjárframlag á grundvelli fjárlaga til rekstrar miðstöðvarinnar, sem undirritaður var rafrænt 28. ágúst 2023.